


| | | |
|--|---|------------------------|
|  <p>Samgöngustofa ICELANDIC TRANSPORT AUTHORITY</p> | <p>Upplýsingabréf þjálfunar- og skírteinadeildar nr. 1/2014</p> | <p>Dags: 19.6.2014</p> |
| | | <p>v.1.1</p> |

1. Inngangur

Í þessu upplýsingabréfi koma fram upplýsingar og leiðbeiningar fyrir flugskóla (ATO) varðandi þjálfun fyrir umbreytingu á ICAO réttindum yfir í sambærileg réttindi, skv. Reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.

Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. Reglugerðar (ESB) nr. 1178/2011 skulu umsækjendur um Part-FCL skírteini, sem fyrir hafa a.m.k. jafngilt skírteini, áritun eða vottorð gefið út í samræmi við 1. viðauka við Chicago samninginn, uppfylla allar kröfur 1. viðauka við reglugerðina nema draga má úr kröfum um lengd námskeiðs, fjölda kennslustunda og tímafjölda sérstakrar þjálfunar. Samkvæmt 3. mgr. 8. reglugerðarinnar skal hugsanleg viðurkenning ákvörðuð af flugmálayfirvöldum í því aðildarríki sem flugmaðurinn sækir um á grundvelli meðmæla frá ATO.

2. Gildissvið og fyrirvarar

Upplýsingabréf þetta gildir fyrir umbreytingu á eftirtöldum réttindum; CPL(A), IR(A), FI(A). Skilyrði umbreytingar er að umsækjandi hafi í gildi jafngilt ICAO skírteini og réttindi. Í því felst að viðkomandi umsækjandi geti neytt réttinda skv. ICAO skírteini sínu þar til hann fær útgefið Part-FCL skírteini.

Vakin er sérstök athygli á því að þrátt fyrir að heimilt sé að stytta námskeið m.v. kröfur þá þarf umsækjandi að uppfylla allar aðrar kröfur reglugerðarinnar, t.d. um heildarflugtíma (þ.m.t. kröfur um landflug), inntökuskilyrði á námskeið, bókleg- og verkleg próf o.s.frv.

Vakin er athygli á því að framkvæmd á umbreytingu ICAO réttinda kann að vera með misjöfnum hætti milli ríkja og er skólum/umsækjendum því bent á að athuga þau skilyrði sem gilda um efnið í því ríki sem á að sækja um Part-FCL skírteini.

Sé neðangreindum skilyrðum um framkvæmd fylgt er hægt að líta svo á að Samgöngustofa muni samþykkja umbreytinguna að öðrum skilyrðum uppfylltum. Öll önnur tilvik þarf að samþykkja sérstaklega af Samgöngustofu fyrirfram (áður en þjálfun er hafin).


3. Framkvæmd og skilyrði

3.1 Almennt

Viðkomandi ATO skal útbúa einstaklingsbundna þjálfunaráætlun fyrir hvern nema byggða á reynslu og færni viðkomandi nema. Þessa þjálfunaráætlun skal setja fram á eyðublaði Samgöngustofu nr. LF-165. Eyðublaðið skal útfyllt og undirritað af flugskóla og þarf að fylgja öllum umsóknum um skírteini eða réttindi sem byggja á sambærilegum ICAO réttindum. Sjá nánari skilyrði fyrir einstaka réttindi hér fyrir neðan:

3.2 MEP Class Rating

Í þeim tilvikum sem viðkomandi uppfyllir ekki skilyrði C. hluta III. Viðauka við Part-FCL skal þjálfun nema að lágmarki 3 klst. á MEP flugvél.

| | | |
|--|--|-----------------|
|  <p>Samgöngustofa ICELANDIC TRANSPORT AUTHORITY</p> | Upplýsingabréf þjálfunar- og skírteinadeildar nr. 1/2014 | Dags: 19.6.2014 |
| | | v.1.1 |

3.3 CPL(A)

Kröfur um bóklega þekkingu og próf:

- Bókleg ATPL(A) kennsla hjá flugskóla í samræmi við einstaklingsbundna þjálfunaráætlun og standast bókleg ATPL(A) próf. Bókleg kennsla þarf að lágmarki að nema 450 klukkustundum.
- Samgöngustofa viðurkennir bókleg ATPL(A) próf frá öðrum EASA ríkjum með fyrirvara um tímafresti og önnur skilyrði.

Kröfur um verklega þjálfun og próf:

- Verkleg þjálfun í samræmi við einstaklingsbundna þjálfunaráætlun hjá ATO, sem hefur heimild til að halda áfangaskipt CPL(A) námskeið, og standast verklegt CPL(A) færnipróf.
- Þjálfun fyrir CPL(A) skal ávalt nema að lágmarki 5 klukkustundum.

3.4 IR(A)

Kröfur um bóklega þekkingu og próf:

- Bókleg IR(A) kennsla hjá flugskóla í samræmi við einstaklingsbundna þjálfunaráætlun og standast bókleg IR(A) próf.
- Samgöngustofa viðurkennir bókleg IR(A)/ATPL(A) próf frá öðrum EASA ríkjum með fyrirvara um tímafresti og önnur skilyrði.

Kröfur um verklega þjálfun og próf:

- Verkleg IR(A) þjálfun í samræmi við einstaklingsbundna þjálfunaráætlun hjá ATO og standast verklegt IR(A) færnipróf.
- Verkleg þjálfun fyrir IR(A) umbreytingu skal að lágmarki nema 15 klukkustundum í blindflugskennslu, þar af má framkvæma 10 tíma í FNPT II
- Vakin er sérstök athygli á því að ICAO blindflugsáritun á einshreyflugsáritun (SE IR) má eingöngu umbreyta í Part-FCL SE IR. Handhafi ICAO SE IR sem vill fá blindflugsáritun á fjölhreyflavél (ME IR) þarf fyrst að umbreyta í SE IR. Til að fá útgefið ME IR þarf viðbótarþjálfun og próf skv. reglugerðinni.

3.5 FI(A)

Þessi viðmið gilda aðeins um FI(A) réttindi. Fyrir önnur kennararéttindi þarf einstaklingsbundið mat í hvert skipti. Slík tilvik skal bera undir Samgöngustofu áður en þjálfun hefst.

Kröfur um bóklega þekkingu:

- Bóklegt námskeið með a.m.k. 30 klukkustundum af bóklegri kennslu hjá ATO. Námskeiðið skal byggja kröfum FCL.930.FI(b)(1) og viðeigandi hliðsjónarefni (AMC).

Kröfur um verklega þjálfun og próf:

- Verkleg þjálfun að lágmarki 15 klukkustundir. Þjálfunin skal byggja á FCL.930.FI(3)(i) og viðeigandi hliðsjónarefni (AMC). Þjálfunin skal vera í formi kennslu í flugvél.
- Standast verklegt hæfnimat fyrir FI(A).